

# GRÓÐURELDAR

Varnir og viðbrögð

Greinargerð stýrihóps vegna vinnu 2018-2019



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>Yfirlit starfsemi 2018-2020</b> .....	<b>1</b>
2.1	Árið 2018.....	1
2.2	Árið 2019.....	2
2.3	Árið 2020 – janúar til ágúst.....	2
<b>3</b>	<b>Staða verkefna – verkefni í vinnslu</b> .....	<b>3</b>
3.1	Eldvarnir og öryggi hjólhúsasvæða .....	3
3.2	Eldvarnir og öryggi sumarhúsasvæða.....	4
3.3	Slökkviliðin og gróðureldar .....	5
3.4	Samband sveitarfélaga og málþing um gróðurelda.....	5
3.5	Námskeiðahald og kynningar .....	5
3.6	Raflínur og gróður/gróðureldar.....	5
3.7	Vefsíðan <a href="http://www.grodureldar.is">www.grodureldar.is</a> .....	6
3.8	Tilkynningar um hættu á gróðureldum.....	6
3.9	Innviðaupbygging í kjölfar óveðursins í desember 2019 .....	6
3.10	Norræn samvinna .....	6
<b>4</b>	<b>Önnur verkefni</b> .....	<b>7</b>
<b>5</b>	<b>Framhaldið</b> .....	<b>8</b>

### Viðaukar 9

Greinargerð unnin af stýrihópi um varnir gegn gróðureldum undir ritstjórn Verkís.

## 1 Inngangur

Upprunalegur stýrihópur verkefnis um varnir gegn gróðureldum sem starfaði á árunum 2010-2018 skilaði af sér niðurstöðum þann 28.maí 2018 í formi bæklinga, leiðbeiningaspjalds og vefsvæðisins [www.grodueldar.is](http://www.grodueldar.is). Þar koma m.a. fram leiðbeiningar um forvarnir og viðbrögð almennings, skýrsla hópsins og fleiri gögn um málefnið. Eftir að hópurinn skilaði af sér var ljóst að halda þyrfti áfram að vinna að þessum mikilvægu málum sem gróður- og skógareldar eru.

Upprunalegi stýrihópurinn, undir forystu Skógræktarinnar var sjálfskipaður fagfólki úr ýmsum áttum<sup>1</sup> með mikinn áhuga á þessum málum. Hópurinn taldi ekki annað fært en að halda starfinu áfram og tryggja þannig áframhaldandi umræðu og uppbyggingu fræðslu og þekkingar á málefninu.

Í kjölfar kynningarinnar var ákveðið að endurskipuleggja starfið m.a. með því að fækka í hópnum og kalla frekar til sérfræðinga á fundi þegar þörf krefði. Dóra Hjálmarsdóttir Verkís, Björn Traustason Skógræktinni og Haukur Grönli Brunavörnum Árnæssýslu (BÁ) fyrir hönd Félags slökkviliðsstjóra voru í fyrri hópnum og buðu sína vinnu áfram. Mannabreytingar urðu á fulltrúum Mannvirkjastofnunar Davíð S. Snorrason forstöðumaður eldvarnasviðs kom inn í hópinn fyrir hönd Húsnæðis og mannvirkjastofnunar (HMS) og Ragnhildur S. Hafstein lögfræðingur HMS bættist við vegna sinnar sérfræðiþekkingar á lagaumhverfinu. Árið 2019 varð sú breyting að Björn Traustason steig til hliðar og Hreinn Óskarsson tók sæti í hópnum sem fulltrúi Skógræktarinnar. Björn styður starf hópsins áfram sérstaklega hvað varðar upplýsingaöflun vegna aðstæðna á svæðum.

Vert er að geta þess að vegna fyrirhugaðs flutnings brunamálasviðs HMS til Sauðárkróks 2021 hefur komið fram að núverandi starfsmenn, sem hafa verið þátttakendur í stýrihópnum, munu ekki fylgja stofnuninni í nýja starfsstöð. Það hefur óhjákvæmilega mannabreytingar í stýrihópnum í för með sér. Ekki er á þessu stigi ljóst hvort þessi breyting mun hafa önnur áhrif á starf hópsins.

Einnig skal nefnt að í býgerð er að hópurinn, sem hefur verið grasrótahreyfing fram að þessu, fái formlega skipun. Fulltrúi HMS hefur rætt málið við félags- og barnamálaráðherra, en niðurstaða liggur ekki fyrir.

Verkefni nýja hópsins, sem tók til starfa í lok maí 2018, hafa falist í því að halda áfram með forvarnir og fræðslu, ásamt því að leitast við að hafa áhrif á endurskoðun laga, reglugerða og opinbera leiðbeininga.

## 2 Yfirlit starfsemi 2018-2020

Hér fer á eftir stutt yfirlit yfir starfsemi hins nýja stýrihóps árin 2018 til 2020, en vísað er í viðauka vegna nánari upplýsinga um fjölmarga fundi, kynningar og námskeið fyrir opinbera aðila, félagasamtök, sumarhúsafélög o.fl. aðila, sem og í kafla 3 um nánari upplýsingar um verkefni hópsins.

### 2.1 Árið 2018

Eftir kynningu upprunalega hópsins um varnir gegn gróðureldum í lok maí 2018 tók við mjög votviðrasamt sumar og lá umræða um málefnið og vinna stýrihópsins því að mestu niðri fram á haustið. Um sumarið brann sumarhús í þéttum og hávöxnum greniskógi á Þingvöllum og má þakka vætunni að ekki fór verr þar sem gróður í kring um húsið var gegn blautur og sviðnuðu trjástofnar án þess að eldur breiddist út í nærliggjandi skóglendi.

Vorið 2018 voru haldnar kynningar á aðalfundi Landssambands sumarhúsaeigenda og á aðalfundi Sumarhúsaeigenda í Brekkuskógi, auk þess sem grein um málefnið birtist í ársriti Landssambandsins.

---

<sup>1</sup> Hópurinn var skipaður fulltrúum Skógræktarinnar, Mannvirkjastofnunar, Brunavarna Árnæssýslu, Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi, Verkfræðistofunnar Verkís, Landssamtökum skógareigenda, Skógræktarfélag Íslands, Landssambands sumarhúsaeigenda. Auk þess að njóta aðstoðar Forstofunnar og Sigmars Brink við grafík og vefsíðugerð.

Um haustið fylgdi hópurinn eftir uppfærslu á heimasíðunni og fundaði með Guðríði Helgadóttur starfsmenntanámstjóra og Björgvini Eggertssyni verkefnastjóra endurmenntunar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) á Reykjum í Ölfusi með það fyrir augum að halda fræðslunámskeið í samvinnu við skólann fyrir almenning og fagfólk. Fræðsluefnið var undirbúið og fullunnið snemma árs 2019. Haldnir voru sex fundir stýrihópsins árið 2018. Um kynningar og fundi, sjá einnig viðauka 1.

## 2.2 Árið 2019

Sumarið 2019 einkenndist af miklum þurrkum frá maí og langt fram á sumar. Mikil mildi var að ekki urðu alvarlegir gróðureldar um sumarið, en ítrekað voruð almannavarnir almenning við hættu á gróðureldum og bent á að fara varlega með eld. Nokkrum sinnum skall hurð nærri hælum og tókst að hefta úrbreiðslu áður en skaði hlaust af. Ekki kom þó til þess að bann yrði sett á meðferð elds á þurrkasvæðum, eins og oft er gert erlendis við líkar aðstæður. Ekki liggja fyrir samræmdar reglur varðandi mat og útgáfu slíkra viðvarana, en mikil þörf er á því (sjá einnig kafla 3.8). Í lok ársins varð mikið óveður sem átti eftir að hafa töluverð áhrif á starf hópsins.

Stýrihópurinn fundaði 5 sinnum árið 2019, var fræðsluefni fullunnið og haldin nokkur námskeið í samvinnu við LBHÍ fyrir skógarbændur og sumarhúsaeigendur, sem og kynningarfundir.

Skýrsla norrænu ráðherranefndarinnar<sup>2</sup> var kynnt fyrir hópnum, en fulltrúi Skógræktarinnar hafði unnið með nefndinni. Megin niðurstöður skýrslunnar lutu að forvörnum og aðgerðum sem ástæða er talin að ráðast í sem fyrst. Um var að ræða: fræðslu og upplýsingagjöf um varnir gegn skógareldum, hraðari viðbrögð, að auka þekkingu slökkviliðsmanna á skógum, að skýra ábyrgð skógargeirans og langtíma í hlutun skógareigenda m.a. tryggingamál, skógræktaráætlanir og skipulag skóga. Meðal tillagna eru aukning á samvinnu vegna viðbragða m.a. tengja Ísland betur inn í norræna samvinnu um brunavarnir og slökkvistörf, samræma staðla og hugtök sem og gera sameiginlegar greiningar og mat á tækjum og tólum (sjá einnig lið 3.10).

Haldin voru fjölmörg erindi á fundum og ráðstefnum ýmissa aðila svo sem á ársfundi Félags slökkviliðsstjóra, bygginga- og skipulagsfulltrúa, haustfundi Neyðarsamstarfs raforkukerfisins þar sem fjallað var um gróðurelda og raforkumannvirki. Einnig var á vegum hópsins og Verkís haldinn opinn kynningarfundur um málefnið fyrir almenning, en til hans var boðið fulltrúum stéttarfélaganna sem reka sumarhúsasvæði sem og fulltrúum félaga sumarhúsaeigenda. Mikil umfjöllun var um málefnið í fjölmiðlum og á vefmiðlum vegna þurrka um sumarið og tóku fulltrúar stýrihópsins virkan þátt í þeirri umræðu og veittu viðtöl um málefnið. Stýrihópurinn tók þátt í ráðstefnu um almannavarnamál í maí þar sem fram kom að til stendur að skilgreina gróðurelda sem náttúruvá. Haft var samband við Samband sveitarfélaga með það fyrir augum að koma á málþingi á vegum Sambandsins um málefnið. Lögð voru drög að þinginu en málið fór í bið vegna mannbreytinga hjá Sambandinu og framangreindra aðstæðna veturinn 2020. Um kynningar og fundi, sjá einnig viðauka 1.

Aflað var upplýsinga frá USA, Kanada og Þýskalandi varðandi viðbrögð við gróður og skógareldum og áfram unnið að hugmyndum um uppfærslu á leiðbeiningum um brunavarnir á tjald- og hjólhýsasvæðum<sup>3</sup> sem og gerð leiðbeininga fyrir sumarhúsasvæði á grunni þeirra. Einnig var samantekt skýrslu stýrihópsins um ráðlegar laga- og reglubreytingar yfirfarin, sjá viðauka 2.

## 2.3 Árið 2020 – janúar til ágúst

Fyrri hluti ársins 2020 einkenndist af óveðrum, náttúru vá og Covid-19. Þessir atburðir urðu til þess að hægði á stafi hópsins.

Haldnir voru 6 fundir stýrihópsins á tímabilinu og verkefnum þokað áfram eða komið í farveg. Haldið var fjarnámskeið fyrir starfsfólk Skógræktarinnar, haldin kynning um brunavarnir á vegum Skógræktarinnar fyrir fólk með skógræktarspildur í Mýrdalnum, tekinn var upp þráðurinn vegna

<sup>2</sup> <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden:org:diva-5670>,

<sup>3</sup>

<http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Slokkvilidasvid/Leidbeiningarblod/6.017%20Brunavarnir%20%C3%A1%20tjald-%20og%20hj%C3%B3h%C3%BDsasv%C3%A6%C3%B0um%20-%201.0.pdf>

mögulegs málþings Sambands sveitarfélaga og stýrihópurinn tók þátt í fundi sem Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra boðaði til með fulltrúum almannavarna á Suðurlandi, Veðurstofunni og stýrihópsins um áhættumat og viðbrögð vegna gróðurelda. Meðal niðurstaðna fundarins er að fulltrúum VÍ og AVD verður boðið að starfa með hópnum. Í kjölfar fundarins funduðu fulltrúar almannavarna á Suðurlandi og Brunavarna Árnassýslu og lögðu drög að verklagi vegna viðvarana við gróðureldum. Auk þess að ýta á um gerð og uppfærslu reglna um brunavarnir fyrir tjald-, hjólhýsa- og sumarhúsasvæði, voru lögð drög að tilraunaverkefni í Brekku- og Reykjaskógi vega upplýsingaöflunar og kortlagningar á aðstæðum á sumarhúsasvæði og verður verkefnið unnið áfram í sumar og haust.

Ljóst er af aukningu fyrirspurna byggingafulltrúa til Brunavarna Árnassýslu um brunavarnir á nýjum svæðum, að sveitarfélög á Suðurlandi eru að verða sér betur meðvituð um málefnið þegar kemur að skipulagi nýrra svæða. Um kynningar og fundi, sjá einnig viðauka 1.

### 3 Staða verkefna – verkefni í vinnslu

Hér fer á eftir stutt lýsing á þeim verkefnum sem stýrihópurinn vinnur að.

#### 3.1 Eldvarnir og öryggi hjólhýsasvæða

Gera þarf reglugerðarbreytingar til að tryggja eldvarnir og öryggi á hjólhýsasvæðunum. Málin eru í miklum ólestri á ýmsum svæðum, m.a. á Laugarvatni. Reglur um hjólhýsasvæði gera ráð fyrir tímabundinni staðsetningu en ekki varanlegri sem raunin er á mörgum svæðum. Fjöldmörg hjólhýsi eru komin til ára sinna og ekki ökufær. Fulltrúi hópsins frá Brunavörnum Árnassýslu hefur farið í skoðun á svæðið á Laugarvatni ásamt fulltrúa sveitarstjórnar og gert ýmsar athugasemdir við brunavarnir og öryggismál. Einnig hefur Skógræktin tilkynnt lokun hjólhýsasvæðis í Þjórsárdal af öryggisástæðum. Ljóst er að uppbygging svæða er ekki í samræmi við reglur, eldvarnir eru ófullnægjandi, m.a. er hýsunum komið fyrir varanlega, of lítið bil milli hjólhýsa og viðbygginga úr eldfimur efnun, gaslagnir ekki í lagi, flóttaleiðir og vatnsöflun ófullnægjandi, aðkoma slökkviliðs erfið og gróður þéttur. Öryggi fólks er því ekki tryggt komi til eldsvoða.

**Fundur með vinnueftirliti og vinnuhópur.** Framundan er að halda fund með Vinnueftirliti (VER), Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og skoðunaraðilum hjólhýsa. Fara þarf yfir verklag við eftirlit og skoðanir á hjólhýsasvæðum m.a. vegna gasmála.

Skipa þarf vinnuhóp með þátttöku HMS, VER, Samgöngustofu og stýrihópsins til að gera tillögur að breytingum á regluverki.

Davíð S. Snorrason HMS mun hafa forgöngu um stofnun vinnuhópsins. Fulltrúar HMS verði annað hvort Davíð S. Snorrason, Silvá Kærnested eða Ragnhildur Sif Hafstein. Fenginn verði fulltrúi frá VER og Samgöngustofu, en lagt er til að fulltrúi slökkviliða verði Sverrir Haukur Grönli Brunavörnum Árnassýslu og fulltrúi gróðureldahópsins Dóra Hjálmarsdóttir Verkís.

Mikilvægt er að koma þessum hópi saman sem fyrst.

*Umsjón: Davíð S. Snorrason HMS.*

**Bréf til sveitarfélaga.** Búið að senda bréf til þeirra sveitarfélaga, sem eru með þekkt hjólhýsasvæði, í tengslum við brunavarnir á svæðunum.

*Umsjón: Davíð S. Snorrason og Ragnhildur Sif Hafstein HMS.*

**Leiðbeiningar HMS um tjald- og hjólhýsasvæði.** Þörf er á að uppfæra núverandi leiðbeiningar HMS um tjald- og hjólhýsasvæði. Verkefnið er í höndum HMS.

Á fundum hópsins hefur komið fram að vegna Covid nýtti landlæknir sér m.a. leiðbeiningar HMS um brunavarnir á tjald- og hjólhýsasvæðum til að setja reglur um tjaldsvæði vegna fjarlægðarmarka. Tengiliður landlæknis og almannavarna var Georg Arnar Þorsteinsson HMS.

*Umsjón: Davíð S. Snorrason og Ragnhildur Sif Hafstein HMS.*

## 3.2 Eldvarnir og öryggi sumarhúsasvæða

Í reglum um skipulag nýrra sumarhúsasvæða eru ákvæði um eldvarnir og öryggi m.a. vegna eldsvoða svo sem um hringakstur, vatnsöflun, flóttaleiðir og aðkomu slökkviliðs. Brunavarnir Árnassýslu hafa fengið skipulagsgögn slíkra svæða til umsagnar í auknum mæli. Ekki hefur verið kannað hvort svipuð staða sé uppi hjá öðrum slökkviliðum, en nauðsynlegt er að leggja fram leiðbeiningar um slíkar umsagnir vegna samhæfingar m.a. varðandi brunahólfana, burði vega, einsleitni gróðurs o.fl.

Eldvarnir eldri svæða eru þó í mörgum tilvikum í ólestri, flóttaleiðir ógreiðfærar og óskýrar, vatnsöflun erfið, gróður þéttur við bústaði og aðkoma slökkviliðs erfið. Mikilvægt er að bætt verði úr þessu ástandi í samvinnu sumarhúsaeigenda, félaga sumarhúsaeigenda, landeigenda og sveitarfélaga.

Nokkur verkefni eru í vinnslu hjá stýrihópnum til að stuðla að úrbótum.

### Kynningar, námskeið og fundir.

Stýrihópurinn hefur haldið kynningar fyrir ýmsa aðila sem tengjast málaflokknum, m.a. sumarhúsaeigendur, eigendur frístundasvæða, skógræktendur, starfsmenn sveitarfélaga, sem og fulltrúa eftir stiga stjórnvaldsins.

Haldin hafa verið fræðslunámskeið fyrir félög sumarhúsaeigenda á Suðurlandi og kynningarfundir þar sem fulltrúum félaga sumarhúsaeigenda og stéttarfélaga hefur sérstaklega verið boðið. Einnig hefur umfjöllun í fjölmiðlum verið beint til þessar aðila. Kynning hefur farið fram fyrir sveitarstjórnir á Suðurlandi um málefnið. Fyrirhugað er að halda þessari starfsemi áfram, sjá einnig kaflann um námskeiðahald og kynningar.

*Umsjón: Fulltrúar stýrihópsins og LBHÍ.*

### Fjölmiðlakynningar.

Mikilvægt er að halda áfram að ná til sumarhúsaeigenda. Dóra Hjálmarsdóttir skrifaði grein í ársrit Landssambands sumarhúsaeigenda vorin 2018 og 2020 í góðu samstarfi við fulltrúa landssambandsins. Í undirbúningi er innslag um málefnið í sjónvarpsþáttinn Sumarlandann sem Guðríður Helgadóttir starfsmenntastjóri LBHÍ óskaði eftir, en hún er einn af þáttastjórnendum.

*Umsjón: Dóra Hjálmarsdóttir Verkís og Sverrir Haukur Grönli Brunavörnum Árnassýslu.*

### Leiðbeiningar HMS fyrir sumarhúsasvæði.

Þörf er á ritun leiðbeiningar fyrir sumarhúsasvæði. Verkefnið er hjá HMS og er stefnt að því að nýta leiðbeiningar sem til eru fyrir tjald- og hjólhúsasvæði og aðlaga að sumarhúsasvæðum. Málið verður tekið upp með haustinu 2020.

*Umsjón: Davíð Snorrason og Silvá Kjærnested HMS.*

### Smáforrit og skráning upplýsinga af sumarhúsa- og skógarsvæðum

Mikilvægur þáttur í brunavörnum sumarhúsa og skógarsvæða er upplýsingaöflun um aðkomumöguleika slökkviliða og vatnsöflun. Til hefur staðið að gera smáforrit til skráninga á upplýsingum um vegi og vatnsból aðgengilegt umsjónaraðilum sumarhúsasvæða. Niðurstaða þess er að smáforritið sem er tengt ARC Gis er ekki tilbúið til notkunar, auk þess sem notendur þurfa að hafa aðgang að leyfi fyrir hugbúnaðinn. Ákveðið var því að gera tilraun með að skrá upplýsingar með myndatöku þar sem myndir væru merktar með GPS staðsetningarhnitum og kóða úr flokkunarkerfi Skógræktarinnar sem kynnt er í viðauka 4 í greinargerð stýrihópsins frá 2018. Einnig yrði sett inn stutt lýsing á aðstæðum. Í ágúst 2020 fór af stað tilraunaverkefni í samvinnu við sumarhúsafélögin í Reykjaskógi og Brekkuskógi í Biskupstungum og Brunavarnir Árnassýslu til að þróa aðferðafræðina. Í framhaldinu væri þörf fyrir leiðbeiningar sem forsvarsmenn svæða gætu nýtt í þessari upplýsingaöflun. Í undirbúningi er að fá styrk frá nýsköpunarsjóði námsmanna varðandi kortlagningu á eldvörnum, aðgengi, vatnsbólum o.fl. á sumarhúsasvæðum árið 2021.

*Umsjón: Dóra Hjálmarsdóttir Verkís.*

### 3.3 Slökkviliðin og gróðureldar

Slökkviliðin í landinu eru í flestum tilvikum vanbúin að takast á við gróðurelda bæði hvað þjálfun og búnað snertir. Mikil þörf er á úrbótum og hefur hópurinn gert nokkrar tillögur þar að lútandi.

#### Uppfærsla á kennsluefni fyrir slökkvilið vegna gróðurelda

Til hefur staðið um nokkurt skeið að endurskoða og endurútgefa kennsluefni fyrir slökkvilið vegna gróðurelda. Til að fjármagna verkefnið stendur til að sækja styrk til Brunabótafélagsins vegna endurgerðar kennsluefnis fyrir slökkvilið sem gefið var út árið 2009<sup>4</sup>. Davíð Snorrason HMS hefur rætt við fulltrúa hjá Brunabótafélaginu sem tekið hafa vel í verkefnið, en rita þarf formlegt bréf og senda félaginu fyrir aðalfund þess haustið 2020.

Tengiliður Brunabótafélagsins: Anna Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

*Umsjón: Davíð S. Snorrason HMS.*

#### Skipulag slökkvistarfs og samvinna

Auk uppfærslu á kennsluefni hefur hópurinn verið að skoða aðra þætti til úrbóta m.a. uppbyggingu hópa sem sérhæfa sig í slíkum eldum, hvar og hverjir eigi að eiga sérhæfðan búnað til að fást við stærri elda í gróðri og skógum og hvernig samvinnu slökkviliða innanlands og utan geti verið háttað.

*Umsjón: Sverrir Haukur Grönli Brunavarnir Árnassýslu.*

### 3.4 Samband sveitarfélaga og málþing um gróðurelda

Til að styrkja sveitarfélögin í sinni vinnu við skipulag og úrbætur á brunavörnum svæða er mikilvægt að koma á aukinni umræðu og fræðslu. Sverrir Haukur Grönli Brunavörnum Árnassýslu hefur verið í sambandi við Aldísi Hafsteinsdóttur formann Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna fræðslu fyrir fulltrúa sveitarfélaga og fyrirhugaðs málþings um málefnið. Tengja á málefnið almannavörnum og viðbrögðum við vá. Verkefnið fór í gang 2019 en seinkaði vegna starfsmannabreytinga hjá sambandinu og svo Covid-19. Fyrirhugað er að ná til æðstu stjórnenda sveitarfélaganna og tengja málefnið almannavörnum og viðbrögðum við vá. SHG mun fylgja málinu eftir með haustinu 2020.

*Umsjón: Sverrir Haukur Grönli Brunavarnir Árnassýslu.*

### 3.5 Námskeiðahald og kynningar

Vegna mikilvægis fræðslu til almennings og félagasamtaka um málefnið verður áfram haldið með námskeiðahald. Auk fyrrnefndra námskeiða fyrir almenning og sumarhúsafélög var haldið vefnámskeið fyrir Skógræktina í samvinnu við LBHÍ í apríl 2020 og var ánægja með það. Ekki hafa verið ákveðnar dagsetningar fleiri námskeiða. Stýrihópurinn hefur frétt af námskeiðum á vegum Inspectionem ehf um málefnið og er það vel að fleiri aðilar sýni því áhuga að kynna og fræða. Fyrirtækið er rekið af Elísabetu Pálmadóttur og Guðmundi Gunnarssyni fyrrum starfsmönnum brunamálasviðs Mannvirkjastofnunar. Námskeiðsumræða stýrihópsins verður tekin upp aftur með haustinu 2020.

*Umsjón: Stýrihópur og LBHÍ.*

### 3.6 Raflínur og gróður/gróðureldar

Undanfarin ár hefur verið vaxandi umræða meðal raforkufyrirtækja um gróður og raforkumannvirki og komið hafa upp mál þar sem fjarlægja þarf gróður sem hefur vaxið of nærri slíkum mannvirkjum. Regluumhverfið þykir ekki nógu skýrt og vinnur því Landsnet í samstarfi við RARIK og Verkís að tillögu að drögum að opinberum reglum um gróður/gróðurelda og raflínur, sem mögulega verða gefnar út sem leiðbeiningar Orkustofnunar. Umsjón verkefnisins er í höndum Halldórs Halldórssonar Öryggisstjóra Landsnets.

*Tengiliður stýrihóps Dóra Hjálmarsdóttir Verkís.*

<sup>4</sup> <http://www.mannvirkjastofnun.is/library/Skrar/Slokkvilidasvid/Fraedsluefni-fyrir-slokkvilid/20090518%20Gr%C3%B3%C3%B0ureldar.pdf>

### 3.7 Vefsíðan [www.grodureldar.is](http://www.grodureldar.is)

Kynning á málefningu fer fram í gegn um vefsíðuna [www.grodureldar.is](http://www.grodureldar.is). Vefsíðan er hin glæsilegasta og er þar mikinn fróðleik að finna fyrir leikmenn jafnt sem fagfólk. Brunavarnir Árnæssýslu hafa tekið að sér að halda utan um og viðhalda vefsíðunni, en til stendur að ýmsir aðilar geti sent inn fræðsluefni og annan fróðleik til að halda síðunni lifandi.

*Umsjón: Sverrir Haukur Grönli Brunavarnir Árnæssýslu.*

Á síðunni er þegar [kennsluefni](#) á vegum hópsins sem til stendur að útfæra frekar.

Viðhald síðunnar krefst nokkurrar vinnu og yfirfara þarf hvernig unnt er að setja efni inn á skilvirkan hátt. Síðunni er viðhaldið í góðu samstarfi við Sigmar Brink. Verkefnið verður tekið upp aftur með haustinu 2020.

*Umsjón: Stýrihópur.*

### 3.8 Tilkynningar um hættu á gróðureldum

Stýrihópurinn fundaði eins og áður getur með fulltrúum almannavarna á Suðurlandi, Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra (AVD) og Veðurstofu Íslands. Á fundinum var m.a. kynnt evrópska vefsíðan EB EFFIS European Forest Fire Information System <https://effis.jrc.ec.europa.eu/> sem sýnir „on-line“ yfirlit yfir hættu á gróðureldum í Evrópulöndum. Þessar upplýsingar geta nýst viðbragðsaðilum hér á landi m.a. vegna kortlagningar á hættum og vegna viðvarana um hættuástand.

Fram kom m.a. á fundinum að á undanförunum árum hafa almannavarnir og Ví gefið út aðvaranir ef hættu er á gróðureldum. Veðurstofan vinnur að þróun á viðvaranakerfi sínu fyrir veðurvá (*gulur-orange-rauður*) og tekið verður til skoðunar að beita samsvarandi aðferðafræði vegna viðvarana um hættuástand vegna gróðurelda. Fram kom einnig á fundinum að Ísland er aðili að norrænum björgunarsamningi sem fjallar um gagnkvæma aðstoð Norðurlandanna í neyð.

Í kjölfar fundarins funduðu fulltrúar almannavarna á Suðurlandi og Brunavarna Árnæssýslu og ákváðu að nýta sér upplýsingar vefsíðunnar sumarið 2020 til að átta sig á hvort ástæða væri til aðvarana vegna hættu á gróðureldum.

Ákveðið var að fulltrúar allra þessara aðila kæmu til samstarfs við stýrihópinn. Vonast er til að í framhaldi af því verði þessi málaflokkur tekin fastari tökum og fái þann stuðning til framkvæmda og vinnu sem svo sannarlega þörf er á.

*Umsjón: Stýrihópur og samstarfsaðilar.*

### 3.9 Innviðaupbygging í kjölfar óveðursins í desember 2019

Hópurinn lagði fram tillögur til úrbóta á innviðum inn í starf átakshóps stjórnvalda í kjölfar óveðursins í desember 2019. Gerðar voru tillögur sem lutu að uppbyggingu forvarna og viðbúnaðar vegna gróðurelda búnaðar slökkviliða og skilgreiningu gróðurelda sem náttúruvá. Tillögurnar má finna í aðgerðalýsingu átakshópsins á vefnum [www.innvidir2020.is](http://www.innvidir2020.is), en þær eru:

- LAN-051 - Forvarnir, viðbúnaður og viðbrögð vegna gróðurelda, í umsjá Félagsmálaráðuneytisins,
- LAN-24 - Skilgreining á náttúruvá, í umsjá umhverfis- og auðlindaráðuneytisins,
- LAN-084 – Upplýsingar/fræðsla til almennings í umsjá dómsmálaráðuneytisins,
- LAN-034 – Mat á náttúruvá, í umsjá umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Lýsingar má einnig finna í viðauka 3.

*Umsjón: Dóra Hjálmarsdóttir Verkís, Sverrir Haukur Grönli Brunavarnir Árnæssýslu.*

### 3.10 Norræn samvinna

Eftir skógareldana miklu í Svíþjóð og Noregi sumarið 2018 var sett á samnorræn ráðherranefnd um gróður- og skógarelda til að skoða þennan málaflokk í heild sinni.



Þar kom í ljós að endurskoða þurfti marga þætti sem snerta málaflokkinn m.a.:

- Menntun og kennsluefni
- Búnaðarmál
- Skipulag skógræktar
- Samvinnu þvert á landamæri
- Breytt veðurfar
- Skipulag byggða og ræktunar
- Lög og reglur

Þessi nefnd skilaði af sér skýrslu um svipað leiti og stýrihópur fyrri gróðurelda á Íslandi árið 2018. Tengiliður við nefndina var þáverandi fulltrúi Skógræktarinnar í stýrihópsins Björn B. Jónsson. Þar sem fram kom að töluverð vinna væri framundan var stofnaður annar samnorrænn hópur sem Svíar tóku að sér að leiða.

Þó skógar á Íslandi teljist ekki stórir skógar í samanburði við nágrannalönd okkar og ekki sé fyrir hendi skógariðnaður eins og á Norðurlöndunum er samt sem áður full þörf á því að Íslendingar taki þátt í þessu samstarfi. Í íslenskum skógum er mikill fjöldi sumarhúsa og mannlíf í hættu komi til alvarlegra skógar- eða gróðurelda. Að auki mun verðmæti skóga í framtíðinni aukast vegna loftlags og kolefnajöfnunar.

Stýrihópurinn á tvo fulltrúa í nefndinni Hrein Óskarsson og Sverri Hauk Grönli.

*Umsjón: Hreinn Óskarsson Skógræktin, Sverrir Haukur Grönli Brunavarnir Árnessýslu.*

## 4 Önnur verkefni

Mörg önnur verkefni bíða úrvinnslu í þessum mikilvæga málaflokki. Meðal þeirra má nefna eftirfarandi, en listinn er ekki tæmandi.

### **Búnaður og þjálfun slökkviliða – viðbragðshópar**

Yfirfara þarf búnaðar- og þjálfunarmálefni slökkviliða, sem og að skoða samsetningu viðbragðshópa vegna gróður- og skógarelda með aðkomu ýmissa aðila svo sem Landhelgisgæslu.

### **Kennsluefni fyrir fagfólk í skógrækt**

Mikilvægt er að skógræktarráðgjafar sem vinna að gerð skógræktaráætlana geri leiðbeiningar um brunavarnir í skógræktaráætlunum sem gerðar eru fyrir skógarbændur um allt land. Ennfremur þarf að tryggja að þeim áætlunum sé fylgt.

Skoða aðkomu Landhelgisgæslunnar í gróðureldum.

### **Kortavefur Skógræktarinnar**

Kortavefur Skógræktarinnar gefur mikilvægar upplýsingar um skógarsvæði á landinu og getur nýst viðbragðsaðilum í viðbrögum vegna gróður- og skógarelda. Haustið 2020 hefur verið sett þekja um skóga á kortavefinn sem tengdur er Sitewatch kortavef sem viðbragðsaðilar nota.

### **Endurskoðun á regluhverfi**

Þörf er á víðtækri endurskoðun á lögum- og reglugerðum með tilliti til hættu á gróður- og skógareldum m.a. hvað varðar rafmagnsbíla, notkun gass í ferðavögnum og sumarhúsum, skipulagsmál og þá sérstaklega deiliskipulag, flóttaleiða og áætlana fyrir frístundasvæði, sérhæfðs búnaðar og menntunar.

### **Efling samvinnu**

Mikilvægt er að efla samvinnu ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga, slökkviliða, félagsamtaka, landeigenda og einstaklinga um úrbætur í málaflokknum.

### **Landsáætlun í Skógrækt**

Yfir stendur vinna við Landsáætlun í skógrækt. Eitt af því sem áætlunin skal gera grein fyrir eru eldvarnir og öryggismál. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn fundi með verkefnisstjórn Landsáætlunarinnar um þessi mál.

## 5 Framhaldið

Eins og fram hefur komið hefur stýrihópurinn fram að þessu starfað sem grasrótarhópur og starfið fjármagnað innan rekstrar þeirra aðila sem átt hafa fulltrúa í hópnum. Hópnum hefur tekist að vekja athygli á málaflokknum, en betur má ef duga skal og er það tillaga hans að hópurinn fái opinberan stuðning með formlegri skipun fulltrúa eins og getið er í inngangi. Allir þátttakendur í hópnum eru tilbúnir til að starfa áfram að málefninu, sem og þeir sem stutt hafa starfið í gegnum árin, m.a. í fyrri stýrihópi.

Mikilvægt er að auka samvinnu aðila með aukinni fræðslu og þátttöku í starfinu. Hópurinn fagnar áhuga Sambands íslenskra sveitarfélaga á kynningu á málefninu og því að fulltrúar almannavarna og Veðurstofu sýna áhuga á að taka þátt í samstarfinu. Einnig veður leitað samstarfs við fleiri aðila svo sem Landhelgisgæslu.

Mikilvægt er að málefnið sé skoðað frá öllum sjónarhornum og að allir viðeigandi aðilar séu tengdir inn í málaflokkinn.

Hópurinn mun starfa áfram að framgangi málefnsins þar til annað verður ákveðið.

## **Viðaukar**

**Viðauki 1 Fundir og kynningar 2018-2020**

**Viðauki 2 Laga- og reglubreytingar**

**Viðauki 3 Innviðir 2020 verkefnislýsingar tengdar gróðureldum**

**Viðauki 4 Mönnun stýrihóps**

## Viðauki 1 Fundir og kynningar 2018-2020

Framundan	Hvað	Hver	Hvar	Annað
05.09.2020	Aðalfundur skógræktarféлага á Íslandi	BT Skógræktin	Mosfellsbær	Fyrirhuguð kynning
<b>2020</b>	<b>Hvað</b>	<b>Hver</b>	<b>Hvar</b>	
15.06	Brunavarnir skógarsvæðum á	Skógræktin	Heiðmörk	Kynning fyrir fólk með landnemaspildur í Mýrdal
30.04	Námskeið fyrir starfsfólk Skógræktarinnar	LHÍ og stýrihópur	Vefnáms-skeið	--
30.01	Kynningarfundur með forstjóra HMS	Stýrihópur	Reykjavík	Kynning á starfi stýrihópsins. Kynningin var hugsuð fyrir ráðherra sem þurfti að afboða
<b>2019</b>	<b>Hvað</b>	<b>Hver</b>	<b>Hvar</b>	<b>Annað</b>
25.11	Fundur með fulltrúa Skipulagsstofnunar	Stýrihópur	Reykjavík	Kynning á starfi stýrihópsins
18-19.10	Fundur með slökkviliðsstjórum MVS	MVS, BÁ	Reykjavík	Kynning á námskeiðunum
17-18.10	Fundur með byggingafulltrúum sveitarfélaga	MVS	Reykjavík	Kynning á starfi stýrihópsins
12.09	Haustfundur um umfjöllun gróðurelda og háspennt mannvirki NSR,	SHG (Landsnet) BÁ	Reykjavík	--
30.08-01.09	Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands	BT Skógræktin	Kópavogur	Í tengslum við Avenza kortlagningar appið
20.08	Kynning fyrir stýrihóp á skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar	BBJ Skógræktin	Reykjavík	--
15.06	Námskeið fyrir sumarhúsafélag	LHÍ og stýrihópur	Laugarvatn	--
08.06	Námskeið fyrir sumarhúsafélag	LHÍ og stýrihópur	Stóra Hof	--
23.05	Morgunverðarfundur fyrir almenning, áhersla á stéttarfélag	Verkís og stýrihópur	Reykjavík	Kynning á verkefninu, viðbrögðum o.fl.
17.05	Ráðstefna um almannavarnamál	Ásdís Hlökk Skipulagsstofnun, SAS, Skipulagsstofnun, Lögreglan	Selfoss	Minnst var á gróðurelda sem náttúruvá

2019 frh.	Hvað	Hver	Hvar	Annað
09.05	Ráðstefna um hættur í bílum með aðra eldsneytisgjafa	BÁ (tæpt á málefningu, ekki sérstakur fyrirlestur)	Selfoss	--
08.03	Námskeið fyrir skógarbændur	LHÍ og stýrihópur	Hveragerði	--
3.-4.04	Fargráðstefna skógræktar	Skógræktin	Egilsstaðir	--
2018	Hvað	Hver	Hvar	Annað
Sumar	Aðalfundur félags slökkviliðsstjóra	BT	Mývatn	Kynning á vinnu stýrihópsins
28.05	Aðalfundur félags sumarhúsaeygenda í Brekkuskógi	DH	Reykjavík	Kynning á viðbrögðum
24.05	Kynning og formleg afhending fyrsta áfanga verkefnisins	Stýrihópur	Elliðavatn	Kynning og viðtöl við fréttamenn
30.04	Aðalfundur landsambands sumarhúsaeygenda	DH, BT	Reykjavík	Kynning á viðbrögðum og vinnu stýrihópsins
Dags. 2013	Hvað	Hver	Hvar	Annað
17.01	Málþing gróðurelda um	Samband íslenskra sveitarfélaga	Borgarbyggð	<a href="https://www.samband.is/frettir/umhverfis-og-taeknimal/nr/1534">https://www.samband.is/frettir/umhverfis-og-taeknimal/nr/1534</a> Upptökur: <a href="https://www.samband.is/um-okkur/fundur-og-radstefnur/malthing-um-grodurela/">https://www.samband.is/um-okkur/fundur-og-radstefnur/malthing-um-grodurela/</a> <a href="http://www.samband.is/media/malthing-um-grodurela/Hulda-Gudmundsdottir.pdf">http://www.samband.is/media/malthing-um-grodurela/Hulda-Gudmundsdottir.pdf</a> <a href="https://vimeo.com/57600322">https://vimeo.com/57600322</a> Sigrún Karlsdóttir

## Viðauki 2 Laga- og reglubreytingar

Í niðurstöðum skýrslu stýrihópsins frá 2018 kemur fram að þörf sé að yfirfara lög og reglur er varða málefnið, m.a. með tilliti til eftirfarandi:

- Ákvæði um skipulag og viðbúnað á skógarsvæðum, m.t.t. varna og viðbragða við gróðureldum, svo sem um vegi og slóða, vatnsból, björgunarleiðir o. fl.
- Ákvæði um tjón í skógrækt, í lögum um Viðlagatryggingu Íslands nr. 55/1992, sem verður af völdum náttúruhamfara (ekki er unnt í dag að tryggja skóglendi enda það ekki skilgreint sem eign)
- Ákvæði í skipulagslögum um brunavarnir í gróðri.
- Hlutverk og skyldur opinberra aðila vegna brunavarna í gróðri.
- Skyldur landeigenda vegna varna og viðbragða við gróðureldum.
- Kröfur um að skógræktaráætlun innifeli varnir gegn gróðureldum.
- Reglur um skógrækt í námunda við háspennt mannvirki (línur og strengi).

Sumt af þessari vinnu er þegar komið í gang.

Um gæti verið að ræða m.a. eftirfarandi lög og reglur:

### Brunavarnir

[Lög nr. 75/2000 um brunavarnir](#)

[Lög nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.](#)

[Lög nr. 166/2008 um breytingar á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi.](#)

[Byggingarreglugerð nr. 112/2012](#)

[Reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.](#)

[Reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun.](#)

[Reglugerð nr. 1068/2011 um slökkvitæki.](#)

[Reglugerð nr. 914/2009 um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna.](#)

[Reglugerð nr. 792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.](#)

[Reglugerð nr. 570/1996 um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar.](#)

[Reglugerð nr. 188/1990 um eldfima vökva.](#)

### Annað

[Stjórnsýslulög nr. 37/1993.](#)

[Upplýsingalög nr. 140/2012.](#)

[Skipulagslög nr. 123/2010](#)

[Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000](#)

[Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019](#)

[Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006](#)

[Lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011](#)

[Skipulagsreglugerð nr. 90/2013](#)

[Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015](#)

[Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012](#)

[Reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011](#)

[Reglugerð um héraðsvegi nr. 774/2010.](#)

## Viðauki 3 Innviðir 2020 verkefnislýsingar tengdar gróðureldum

### Verkefni átaksins tengd gróðureldum

<b>Innviður / nánar</b>	Heilbrigðisþjónusta – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-051 Forvarnir, viðbúnaður og viðbrögð vegna gróðurelda		
<b>Lýsing</b>	Yfirfara og skilgreina forvarnir, viðbúnað og viðbrögð vegna gróðurelda		
<b>Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Húsnæðis og mannvirkjastofnun í samvinnu við stýrihóp um gróðurelda	Félagsmálaráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2022	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.4, landshlutasamtök SSV, SASS	Í samræmi við lög um brunavarnir nr. 75/2000	
<b>Skýringar – tillaga - staða</b>	Fram kom að bregðast þurfi við þeirri vá sem skapast hefur vegna gróðurelda, bæði í úrræðum fyrir eftirlitsaðila varðandi skiplag og eftirlit, með fræðslu til almennings, þjálfun og búnaði slökkviliða, sem og samvinnu. Mikil vinna hefur þegar verið unnin á vegum stýrihóps, svo sem síðan www.grooureldar.is Mikilvægt að vinnunni verði haldið áfram. Sjá einnig LAN-024. Lagt er til að skipaður verði starfshópur á vegum ráðuneytisins í samvinnu við stýrihóp um viðbúnað vegna gróðurelda til að vinna að verkefninu.		

<b>Innviður / nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta - Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-024 Skilgreind náttúruvá		
<b>Lýsing</b>	Yfirferð á skilgreindri náttúruvá á Íslandi, vegna loftslagsbreytinga og breytts gróðurfars		
<b>Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Ríkislögreglustjóri, Veðurstofa, Húsnæðis og mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun, Náttúruhamfaratrygging, Vegagerðin, Skipulagsstofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Samband ísl. sveitarfélaga o.fl. aðilar	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Innan útgjaldaramma
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2020	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, landshlutasamtök SSV	Í samræmi við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og ákvæði um hlutverk almannavarna í vernd almennings og samfélagsinnviða í Löggæsluáætlun 2019-2023	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	Farið verði yfir skilgreiningar á náttúruvá á Íslandi út frá m.a. aukinni hættu á ymissi vá m.a. vegna veðurfars (öfgar, tíðari stórviðri), sjávarflóða (hækkun yfirborðssjávar) og gróðurelda. Yfirfarið verði hvort ástæða er til að skilgreina gróðurelda sem náttúruvá. Tekið verði í þeirri vinnu tillit til áhrifa af slíkri skilgreiningu á alla þætti samfélagsins, þ.e. heildarsamhengið; m.a. skipulag, sveitarfélög, atvinnuhætti, búsetu o.fl.		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Allir þættir		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-084 – Upplýsingar/fræðsla til almennings		
<b>Lýsing</b>	Efling á fræðslu/upplýsingum til almennings		
<b>Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Ríkislögreglustjóri/Almannavarnadeild í samvinnu við ýmsa aðila	Dómsmálaráðuneyti	Kallar á fjárveitingu
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020 - 2021	Nýtt	Skammtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, Póst og fjarskiptastofnun, Ríkislögreglustjóri/Almannavarnadeild, öll landshlutasamtök	Í samræmi við ákvæði um hlutverk almannavarna í vernd almennings og samfélagsinnviða í Löggæsluáætlun 2019-2023	
<b>Skýringar – tillaga - staða</b>	<p>Verkefnið er samvinnuverkefni margra aðila svo sem ríkislögreglustjóra, SL, RKÍ, SL, Samorku, o.fl.</p> <p>Í fávíðrinu kom fram að almenningur á þeim svæðum sem oft verða fyrir raforkuskorti var betur undirbúinn fyrir aðstæður en á öðrum svæðum. Miðla þarf til almennings vitneskju varðandi viðbrögð við vá og hvar unnt sé að nálgast upplýsingar. Taka þarf tillit til ferðamanna í því sambandi. Líta mætti til SafeTravel í því sambandi. Fyrir hendi eru ýmsar upplýsingar á vef almannavarna, RKÍ og veitna um viðbrögð. Gera þarf þessar upplýsingar sýnilegri fyrir almenning, samræma framsetningu. Mikið er til af góðu aðgengilegu efni sem virðist ekki ná til fólks. Athuga þarf hvaða leiðir má nýta til að ná til almennings.</p> <p>Upplýsa þarf almenning um ýmis viðbrögð t.d. hvað aflagnir koparsímakerfis þýðir, viðbrögð við <b>gróður</b>eldum, kólnun í húsum vegna raforkuskorts, o.fl.</p> <p>Mögulegar leiðir til að ná til almennings geta verið: fjölda SMS eða öryggismiðstöðvar (fyrir ferðamenn til að veita upplýsingar um aðstæður, hvað skuli gera og beina þeim áfram í viðeigandi þjónustu), SafeTravel, annað.</p> <p>Almannavarnadeild ætti að vera með upplýsingafulltrúa sem samhæfir upplýsingamiðlun fyrirtækja og stofnanna til almennings (aths. frá almannavarnadeild).</p> <p>Almannavarnir meti upplýsingaþörf almennings, sjá greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar, liður B.</p>		

<b>Innviður -/ nánar</b>	Löggæsla, viðbúnaður og neyðarþjónusta – Viðbúnaður		
<b>Nr/heiti aðgerðar</b>	LAN-034 – Mat á náttúruvá		
<b>Lýsing</b>	Hættu- og áhættumat vegna náttúruvá		
<b>Ábyrgð frkv./ Eftirfylgni/ Fjármögnun</b>	Veðurstofa	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Kallar á fjárveitingu/ Ofanflóðasjóður að hluta
<b>Áætlaður framkvæmdatími / áætlun / Gerð</b>	2020-2040	Nýtt	Langtíma
<b>Ítargögn</b>	Greinargerðir/minnisblöð: átakshópur kafli 1.5, Veðurstofa	Skv. lögum um Veðurstofu Íslands um að vinna hættumöt vegna náttúruhamfara	
<b>Skýring – tillaga - staða</b>	<p>Veðurstofan vinnur nú að hættu- og áhættumati þar sem það á við fyrir ofanflóð, eldgos, vatnsflóð og sjávarflóð. Miðað við umfang og stöðu verkefna og fjárveitingarramma Veðurstofunnar og fjárveitingarskorður þær sem Ofanflóðasjóður býr við, má gera ráð fyrir að þeim verkefnum ljúki 2030-2040. Æskilegt er að þessari vinnu verði lokið fyrir, sem kallar á viðbótar sérfræðinga. Enn á eftir að hefjast handa við fleiri verkefni sem falla undir náttúruvá, og er ekki hægt að byrja á fyrir en trygg fjármögnun þeirra liggur fyrir. Á það við um jarðskjálfta, <b>gróður</b>elda, hafis, loftslagsbreytingar, geimgeislun, og flóðbylgjur en þó er rétt að taka fram að reynt verður eftir bestu getu að taka þennan þátt undir sjávarflóðahættumatið sem er í vinnslu, sjá minnisblað VÍ liður 7.</p>		



## Viðauki 4 Mönnun stýrihóps

### Stýrihópurinn

Aðili	Fulltrúi	Tölvupóstur
Skógræktin	Hreinn Óskarsson Björn Traustason	hreinn@skogur.is bjorn@skogur.is
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Davíð S. Snorrason Ragnhildur Sif Hafstein	David.s.snorrason@hms.is Ragnhildur.hafstein@hms.is
Landssamtök slökkviliðsstjóra/ Brunavarnir Árnassýslu	Sverrir Haukur Grönli Pétur Pétursson	haukur@babubabu.is petur@babubabu.is
Verkís	Dóra Hjálmarsdóttir	dh@verkis.is

